

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 440/2009, um tímabundna aukna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði auk annars húsnæðis sem er alfarið í eigu sveitarfélaga.

1. gr.

Í stað "1. janúar 2012" í 1. gr. kemur: 1. janúar 2013.

2. gr.

Í stað "1. janúar 2012" í 4. gr. kemur: 1. janúar 2013.

3. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, XV, við lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, XV, við lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 2012.

Fjármálaráðuneytinu, 27. desember 2011.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Hlynur Ingason.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.